

**RAFMAGN:** Ekki er gert ráð fyrir því að lagðar séu rafmagnssnúur út að tjöldunum en þau sem þurfa að komast í rafmagn í skamman tíma geta stungid í samband í skólanum, til dæmis til að hita vatn!

**REGLUR:** Leiðtogar eru minntir á að brýna fyrir þátttakendum að hér er um æskulýðssamkomu að ræða. Gott er að hafa reglur eins og þær frá landsmótunum til hliðsjónar þegar hópnum eru lagðar línurnar. Munið að hafa foreldra upplýsta um hvaða reglur gilda.

**SJOPPA:** Lítil sjoppa er á vegum ferðabjónustunnar á Hólum og þar er hægt að fá ýmist smáræði.

**SKRÁNING:** Skráning fer fram á netfangið [petur@glerarkirkja.is](mailto:petur@glerarkirkja.is). Þar þarf að koma fram kynskiptur fjöldi þátttakanda, nöfn, aldur, sími, netfang og heimilisfang leiðtoga og hvort hópurinn ætlar að gista í skóla eða tjöldum, hvencær áætluð koma er á staðinn og hvencær hópurinn hyggst fara á sunnudeginum. Skráningu lýkur mánudaginn 9. ágúst klukkan 19:00 en gott er að heyra sem fyrst frá þeim sem eru að hugsa um að koma með hópa, óháð hópastærð.

**SORP:** Við vonumst til þess að sem minnst sorp verði til á Hólahátíð og eru allir hvattir til að hafa það markmið í huga þegar pakkað er niður fyrir ferðina. Á staðnum verður sorp flokkað eftir því sem kostur er.

**TRYGGINGAR:** Hópstjórar eru bednir að koma á framfæri upplýsingum við foreldra þátttakenda um tryggingar á sama hátt og vani er í viðkomandi sóknnum þegar farið er í ferðir á vegum sóknanna. Hólahátíð sem slík tryggir ekki þátttakendur.

**UNDIRSKRIFT:** Hópstjórar þurfa að vera með skráningarblað fyrir alla þátttakendur meðferðis, þau þurfa að vera undirrituð af foreldri og þátttakenda ef þátttakandi er ekki orðinn 18 ára daginn sem hátíðin hefst. Hjá þátttakendum sem þegar eru 18 ára dugur undirskrift þátttakendans.

**UPPVASK:** Hægt verður að komast í aðstöðu í skólanum til að vaska upp og vonumst við til þess að þátttakendur forðist einnota diska, glös ... að mestu leyti.

**ÚTBÚNAÐUR:** Leiðtogar eru hvattir til að leiðbeina þátttakendum sínum um útbúnað. Hafa þarf í huga að þau sem kjósa að taka þátt í pílágrimagöngunum þurfa að útbúa sig sérstaklega til þess. Þá er íþróttavöllurinn sjálfssagt vinsæll, sundlaug er á staðnum, kalt getur orðið á nóttunni, enginn borðbúnaður er á staðnum annar en sá sem hver og einn kemur með fyrir sjálfan sig, huga þarf að því að nestið sem tekið er með geymist alla helgina (kælibox ...).

**Með kærri kveðju**

**Jón Adalsteinn á Hólum**

**Jóna Lovísa, framkvæmdastjóri ÆSKD**

**Pétur Björgvin, djákni í Gleráarkirkju**

# Dagskrá fyrir æskulýðsfélög og ungmennahópa á Hólahátíð 2010

- Kvöldvaka við varðeld
- Fjölbreytt valdagskrá
- Fáránleikar
- Grillveisla
- Söngur og glens
- Kapphlaup upp í Gvendarskál fyrir þau snöggu
- Létt ganga upp í Gvendarskál fyrir þau þægilegu
- Pílágrimagöngur fyrir þau hraustu
- Málstofur, messur ...

Fjölbreytt dagskrá og þú velur það sem þér hentar!

U  
N  
G  
A  
K  
I  
R  
K  
J  
A  
N

**Hólahátíð** sem verður haldin **13. til 15. ágúst 2010** er að þessu sinni helguð unga fólkinu og verður yfirskrift hátíðarinnar **„Unga kirkjan“** Um samstarfsverkefni vígslubiskupsins á Hólum, ÆSKEY og ÆSKP er að ræða.

Af því tilefni eru æskulýðsfulltrúar, prestar, djáknar og aðrir sem sinna æskulýðsstarfi hvattir til að fjölmenna með æskulýðsfélög, unglingadeildir eða fermingarbarnahópa á hátíðina. Ætlunin er að njóta staðarins og dagskrárinnar sem í boði er auk þess sem **unga fólkid verður með „eigid svæði“** á hátíðinni en tjaldbúðir og dagskráráðstafa unga fólksins verður við grunnskólann. Hér er tilvalið tækifæri til þess að eiga góða helgi með krökkunum úr starfinu. Það er von okkar að sem flestir líti á það sem velkomid tækifæri að drífa sig á Hólahátíð með nokkur ungmenni úr safnaðarstarfinu, því hér er dagskrártilboð sem krefst ekki mikillar vinnu en skilar ánægðum ungmennum! Væri ekki tilvalið að bjóða stjórn æskulýðsfélagsins, nokkrum fermingarbörnum eða leggja í hópferð! **Verum með!** Hér á eftir er að finna nokkur atriði sem gott er að vita / vert er að hafa í huga við skipulagninguna.

## DAGSKRÁ:

Fjölbreytt dagskrá verður í boði, leiðtogum æskulýðshópa er bent á að skipuleggja helgina með eigin hóp þannig að ef að hluti hópsins tekur ekki þátt í dagskrárliðum sé alltaf leiðtogi með þeim hluta hópsins. Að sama skapi er gert ráð fyrir að þátttakendur séu ekki án leiðtoga í dagskrárliðum.

Á **föstudagskvöld** verður móttaka hópa og léttur heitur málsverður í boði í grunnskólanum milli 19:00 og 20:30. Málþing í Auðunnarstofu kl. 20:30 „Unga kirkjan“ – en þar munu tveir ungir, vígðir þjónar kirkjunnar flytja erindi um hlutverk unga fólksins í kirkjunni í dag og þess er vænst að þar komi viðbrögð frá unga fólkinu!

Á **laugardeginum** er eftirfarandi í boði:

- 07:00 / 07:30 Brottför með rútu í pílagrímagöngur dagsins. Áætluð koma til baka er um 18:00. Annars vegar er gengið frá Flugumýri og hins vegar úr Svarfadaardal. Þau sem ætla sér í þessa göngu þurfa að vera þökkalega útbúin og nestuð til dagsins.
- 10:00 – 11:00 Ratleikur um nágrenni Hólastaðar sem hentar fólki á öllum aldri!
- 13:00 Gengið frá Hólastað í Gvendarskál
- 14:00 Ungmennafélagið á staðnum stendur fyrir hlaupi frá Hólastað í Gvendarskál
- ... Helgihald við altari Guðmundar góða í Gvendarskál (þegar allir eru komnir upp), að því loknu gengið til baka heim að Hólum.
- 18:00 Tekið á móti pílagrímagöngufólki við kirkjuna, kvöldtíðir, göngufólk hefur möguleika á að fara í sund

- 20:00 Grillveisla, viðurkenningarskjöl afhent til hlaupara og göngufólks.
- 21:00 Fáránleikar á íþróttavellinum. Æskulýðsfélög etja kapp.
- 22:00 Kvöldvaka við varðeld. Þess er vænst að æskulýðsfélagin komi með stutt söng- eða skemmtiatríði

Á **sunnudagsmorgninum** er morgunsöngur í kirkjunni klukkan níu.

Klukkan ellefu er samkomu í Auðunnarstofu, fyrir hádegi en klukkan tvö (14:00) er hátíðarmessa í dómkirkjunni og er vonast eftir virkri þátttöku unga fólksins. Kaffiveitingar í matsal skólans að messu lokinni. Þeim hópum sem hafa tök á því að dvelja lengur á Hólum er bent á sérstaka hátíðarsamkomu kl. 16:30 á sunnudeginum þar sem menntamálaráðherra mun m.a. taka til máls auk þess sem skáldverk og tónlist verður í fyrirými.

**FERDIR:** Ferdir til og frá hátíðinni eru á ábyrgð viðkomandi sóknar/æskulýðsfélags og greiðast af sóknunum og þeim þátttakendum sem frá hverri kirkju koma eftir innbyrðis samkomulagi innan hvarrar sóknar. Hverjum hópi er í sjálfvald sett hvencær mætt er á staðinn og hvencær haldið er heim en gaman væri ef hópar gætu komið síðdegis á föstudegi og dvalið fram að dagskrárlokum á sunnudeginum.

**GISTING:** Þess er vænst að æskulýðsfélagin / fermingarhóparnir mæti með eigin tjöld og viðleguútbúnað og dvelji um helgina í tjöldum við grunnskólann sem er í nokkurra mínútna göngufæri frá kirkjunni. Þau sem kjósa frekar geta sótt um að fá að gista í skólastofum. Vinsamlegast takið fram hvorn háttinn ykkar hópur ætlar að hafa á gistingunni! Hópum austan af landi er bent á að hægt er að fá að gista í Glerárkirkju aðfaranótt mánudagsins!

**GÆSLA:** Gæsla er í höndum leiðtoga frá hverri sókn fyrir sig. Sóknarprestum er bent á mikilvægi þess að með hverjum átta ungmennum komi einn full-orðinn einstaklingur.

**KOSTNAÐUR:** Þátttaka einstaklinga sem mæta með æskulýðsfélaginu / fermingarhópnum sínum á hátíðina á ábyrgð starfsfólks / sjálfbodaðila undir handleiðslu starfsfólks / sjálfbodaðila er þeim að kostnaðarlausu, þ.e. ekki þarf að greiða fyrir gistiadstöðu, dagskrá né léttan kvöldverð á föstudagskvöld og grillmat á laugar dagskvöld. Kaffi að messu lokinni á sunnudeginum er einnig (Sjá einnig: Ferdir og nesti).

**NESTI:** Hver hópur / einstaklingar í hverjum hópi þurfa að taka nesti með sér fyrir morgun-, hádegisverð og millimáltíðir vegna laugar dags og sunnudags. Vinsamlegast skipuleggið nestismálin miðað við einfaldar aðstæður á staðnum, gott gæti verið að nokkrir úr hverjum hópi sameinist um kælitöskur. Ekki er gert ráð fyrir því að hóparnir hafi aðgang að ísskápum né eldavélum á staðnum en þau sem koma með kaffivélar / hraðsúðukatla geta komist í rafmagn til að hita kaffi/vatn.

**MÓTSSTJÓRI:** Mótsstjóri fyrir æskulýðshluta Hólahátíðar er Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni í Glerárkirkju. Netfangið hans er [petur@glararkirkja.is](mailto:petur@glararkirkja.is) og síminn hjá honum 864 8451. Endilega hafið samband og hugsum saman upphátt um framkvæmd og leiðir til að gera þínum hópi mögulegt að koma!